



Mosfellsbær
Lára Gunnarsdóttir
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Hafnarfjörður 26. nóvember 2019
Tilv. 2019-11-22-2274

Efni: Varðar Beiðni um umsögn - deiliskipulagslýsing Blikastaðaland Mosfellsbæ

Fiskistofu barst í tölvupósti þann 7. október beiðni um að veita umsögn vegna breytinga á deiliskipulagslýsingu vegna Blikastaðalands sem Mosfellsbær hefur nú í kynningarferli.

Eins og fram kemur í deiliskipulagslýsingunni er lax í Úlfarsá og er meðalveiði í ánni 266 laxar (1984-2018). Árið 2018 veiddust 238 laxar í ánni. Mikilvægt er að huga að því við útfærslu á svæðinu að fyrirhuguð starfsemi spilli ekki veiðihagsmunum í ánni. Það er afar sérstakt að lax skuli veiðast í á í þéttbýlinu.

Fiskistofa vill auk þess benda á að framkvæmd eins og gert er ráð fyrir í deiliskipulagslýsingu vegna Blikastaðalands kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu en um það gildir 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Umsóknareyðublað vegna slíkra framkvæmda er að finna á vefsíðu Fiskistofu: www.fiskistofa.is.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs